

Ólafur Guðmundsson og Steinar Hagalínsson. Er því ljóst, að stefnandi hafði ekki samþykki meiri hluta skipshafnar til þess að fara af skipinu. Og þar sem stefnandi heldur því ekki fram, að hann hafi haft gildar ástæður til brottfararinnar, né heldur, að báturinn hafi verið hættur veiðum eða sildarvertíð lokið, er hann fór, verður að telja, að hann með brottför sinni hafi firrt sig rétti til kauptryggingar, og á hann þá aðeins rétt til aflahlutar og orlofsfjár fyrir veru sína á bátnum. Fjárhæð sú, sem stefndi hefur viðurkennt, að sér beri að greiða að þessu leyti, hefur ekki verið véfengd. Verður stefndi því dæmdur til að greiða hana. En þar sem hann hefur ekki gegn mótmælum stefnanda sannað, að hann hafi boðið fram greiðslu, fyrr en mál þetta var höfðað, ber að dæma hann til að greiða vexti af fjárhæðinni, eins og krafist hefur verið, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 275.00. Þá viðurkennist sjóveðréttur stefnanda í v/b Marz, R.E. 27, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum dr. Þorsteini hagstofustjóra Þorsteinssyni og Þorgrími skipstjóra Sigurðssyni.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Maí, greiði stefnanda, Magnúsi Gunnarssyni, kr. 786.43 með 6% ársvöxtum frá 3. des. 1947 til greiðsludags og kr. 275.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í v/b Marz, R.E. 27, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. apríl 1949.

Kærumálið nr. 2/1949.

H/f Maí

gegn

Björgúlfi Kristjánssyni.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Arna Tryggvasonar.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. nóvember f. á., er hingað barst 6. jan. sl., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar samkvæmt 186. gr.

laga nr. 85/1936 málskostnaðarákvæði í dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur frá 12. nóvember f. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að téð ákvæði verði úr gildi fellt og að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði í greindu máli að skaðlausu svo og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti. Varnaraðili krefst staðfestingar málskostnaðarákvæðis héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kr. 100.00 í kærumálskostnað.

Drátt þann, sem varð á afgreiðslu kærumáls þessa til Hæstaréttar, þykir borgardómarinn í Reykjavík hafa réttlætt nægilega með embættisönnum.

Hér fyrir dómi hafa verið veittir frestir í málinu til öflunar frekari gagna.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Sóknaraðili, h/f Maí, greiði varnaraðilja, Björgúlfi Kristjánssyni, kr. 100.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 12. nóv. 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Björgúlfur Kristjánsson, sjómaður hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 6. janúar sl., gegn h/f Maí hér í bænum til greiðslu kauptryggingar, að fjárhæð kr. 1558.40, auk 6% ársvaxta frá 3. des. sl. til greiðsludags, kr. 70.33 í orlofsfé og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati dómsins. Þá krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í v/b Marz, R.E. 27, eign stefnda, til tryggingar dómkröfunum.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kauptryggingarkröfuna niður í kr. 1159.40, en hélt að öðru leyti fast við greindar dómkröfur.

Málavextir eru þeir, að hinn 7. nóv. f. á. var stefnandi lögskráður háseti á v/b Marz, er stunda skyldi síldveiðar, og var ráðningartíminn óákveðinn. Kaup og kjör áttu að fara eftir samningi frá 1. júlí 1945 milli Landsambands ísl. útvegsmanna annars vegar og ýmissa sjómanna- og

verklýðsfélaga hins vegar svo og viðbótarsamningi milli sömu aðilja frá 31. jan. 1947. Eftir þeim samningi, sbr. 1. og 2. málsg. 9. gr., tryggir úrgerðarmaður hásetum mánaðarlega greiðslu, kr. 578.00, á sildveiðitímanum upp í hundraðshluta af afla þeirra auk verðlagsuppbótar samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar. Stefnandi sagði upp starfi sínu á bátnum 2. des. f. á., og hann var afskráður daginn eftir, eða hinn 3. des., og fór þá af skipinu. Reiknar hann sér kauptryggingu í 28 daga, og nemur hún samkvæmt áðurgreindu samningsákvæði kr. 1758.40. Frá þessari fjárhæð kveður stefnandi eiga að draga kr. 200.00, er hann hafi fengið greiddar, og fæðiskostnað í 28 daga, kr. 399.00, og kemur þá fram hin umkrafða fjárhæð.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 233.73 án vaxta. Þá krefst hann og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda. Til vara hefur hann mótmælt kröfum stefnanda sem of háum og bent í því sambandi á það, að frá því að stefnandi var skráður á skipið og þar til að hann var afskráður, eru aðeins 27 dagar, að komu- og brottfarardegi báðum meðtöldum.

Hina viðurkenndu fjárhæð kveður stefndi vera aflahlut stefnanda á því tímabili, sem hann var á bátnum, að viðbættu orlofsfé hans, en að frádregnum fæðiskostnaði og úttekt. Kveður hann, að stefnanda hafi verið boðin fram greiðsla á þessari fjárhæð, og sé því mál þetta höfðað að ófyrirsynju. Þá mótmælir stefndi, að stefnandi eigi rétt til kauptryggingar. Telur hann stefnanda hafa misst réttinn samkvæmt ákvæðum 4. málsg. 9. gr. áðurgreinds samnings, en þar segir, að fari skipverji úr skiprúmi, áður en skip hættir veiðum eða áður en sildarvertið lýkur, án gildra ástæðna eða samþykkis meiri hluta skipshafnar, hafi hann misst rétt til kauptryggingar. En með þeim hætti, sem hér er lýst, telur hann stefnanda hafa farið af bátnum.

Stefnandi hefur mótmælt framangreindum málsskýringum stefnda. Heldur hann því fram í fyrsta lagi, að ákvæðið sé miðað eingöngu við sildveiðar fyrir Norðurlandi og geti því ekki átt við hér. En þar sem hann, eins og áður er sagt, er lögskráður á skipið með þeim kjörum, sem í fyrrgreindum samningi greinir, verður að telja hann bundinn við ákvæði samningsins, enda er samningurinn ekki takmarkaður við sildveiðar við Norðurland. Hefur þessi mótbára stefnandi því ekki við rök að styðjast.

Í öðru lagi telur stefnandi, að þrátt fyrir greind ákvæði eigi skipverji rétt á að fara úr skiprúmi með lögmæltum fyrirvara, hafi hann verið skráður á sildveiðiskip til óákveðins tíma. Á þetta verður ekki fallizt. Telja verður, að ákvæðið takmarki að þessu leyti rétt skipverja, enda væri það ella ástæðulaust.

Þá byggir stefnandi rétt sinn til brottfarar af bátnum án missis kauptryggingar á því, að hann hafi haft samþykki meiri hluta skipshafnarninnar, svo sem til sé skilið. Þessu hefur stefndi mótmælt.

Samkvæmt eftirriti af skipshafnarskrá v/b Marz hafa hinn 3. des. f. á., eða þegar stefnandi vék úr skiprúmi, 18 menn verið skráðir á bátinn

auk skipstjóra. Þeir þessara manna, þeir Þorgrímur Eyjólfsson, Gísli Guðjónsson og Einar Jósteinsson, voru skráðir á skipið 2. des. f. á. og afskráðir daginn eftir. Því hefur verið haldið fram af stefnda ómótmælt, að menn þessir hafi aldrei út í bátinn komið. Verða þeir því ekki í þessu sambandi taldir til skipshafnarinnar, sem hinn 3. des. var því 16 manns. Eftir því, sem fyrir liggur, hafa eftirtaldir 8 menn af skipshöfninni ekki samþykkt brottför stefnanda: Erlendur Pálmason skipstjóri, Kristján Gunnarsson stýrimaður, Ásmundur Þorsteinsson 1. vélstjóri, Guðmundur Magnússon 2. vélstjóri, Leifur Eiríksson matsveinn og hásetarnir Guðjón Jóhannsson, Ólafur Guðmundsson og Steinar Hagalínsson. Er því ljóst, að stefnandi hafði ekki samþykki meiri hluta skipshafnar til þess að fara af skipinu, og þar sem stefnandi heldur því ekki fram, að hann hafi haft gildar ástæður til brottfararinnar, né heldur, að báturinn hafi verið hættur viðum eða sildarvertið lokið, er hann fór, verður að telja, að hann með brottför sinni hafi firrt sig rétti til kauptryggingar, og á hann þá aðeins rétt til aflahlutar og orlofsfjár fyrir veru sína á bátnum. Fjárhæð sú, sem stefndi hefur viðurkennt, að sér beri að greiða að þessu leyti, hefur ekki verið véfengd. Verður stefndi því dæmdur til að greiða hana. En þar sem hann hefur ekki gegn mótmælum stefnanda sannað, að hann hafi boðið fram greiðslu, fyrr en eftir að mál þetta var höfðað, ber að dæma hann til að greiða vexti af fjárhæðinni, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 175.00. Þá viðurkennist sjóveðréttur stefnanda í v/b Marz, R.E. 27, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum dr. Þorsteini hagstofustjóra Þorsteinssyni og Þorgrími skipstjóra Sigurðssyni.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Maí, greiði stefnanda, Björgúlfi Kristjánssyni, kr. 233.73 með 6% ársvöxtum frá 3. des. 1947 til greiðsludags og kr. 175.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í v/b Marz, R.E. 27, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.